



Ytra mat

Leikskólinn Laugalandi,
Rangárþingi ytra

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2021
ISBN 978-9979-0-2650-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsmenn.	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	23
Skipulag og viðfangsefni	23
Gagnaöflun og vinnubrögð	23
Opinber birting og umbætur	23
Samantekt matsþátta.	24
Samantekt.	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem bent er á í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Laugaland er undir sama þaki og grunnskóli Laugalands. Starfsstöðvar leikskólans eru rúm-góðar en ekki samtengdar. Leikskólinn vinnur eftir menntastefnu sveitarfélagsins og hefur sett sér stefnu og einkunnarorð. Starfsfólk þekkir einkunnarorðin og nefnir leiðir sem farnar eru til að framfylgja þeim. Húsnæði uppfyllir ekki að fullu kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólhúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Fjölbreyttir möguleikar eru til að vinna í minni og stærri hópum. Góð hljóðvist er í leikskólanum. Umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri til útináms. Leita ætti leiða til að sameina starfsemi leikskólans á einum stað í sameiginlegu húsnæði leik- og grunnskólans og finna betri lausn á staðsetningu og aðbúnaði á útileiksvæði.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er stjórnað af miklum metnaði. Starfshópurinn er samhentur og samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg. Stytttri starfsþróunarsamtöl eru tekin fjórum sinnum á ári. Svigrúm er veitt til símenntunar og sveitarfélagið styrkir starfsfólk til náms. Starfsandi og skólabragur er góður. Starfsfólk hefur metnað til að efla leikskólann, hefur trú á gæðum starfsins og er stolt af því. Ákvarðanatata innan leikskólans er lýðræðisleg. Skólanámskrá leikskólans er í endurskoðun með þátttöku allra starfsmanna. Lögbundnar áætlanir og stefnur fyrir leikskólastarfið liggja fyrir. Starfsáætlun og skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár liggur fyrir og starfsáætlun fyrir komandi skólaár hefur verið lögð fram. Gott samstarf er við fræðslunefnd sveitarfélagsins og sveitarstjóra. Leikskólinn er í góðu samstarfi við félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Námsumhverfi er skipulagt út frá hugmyndafræði og einkunnarorðum leikskólans og menntastefnu sveitarfélagsins. Leikföng og efniviður er sæmilega fjölbreyttur og tekur mið af þörfum barna. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum tækifærum til leikja og náms. Námsvið aðalnámskrár eru samþætt í daglegu starfi. Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af umhyggju og virðingu og komið er til móts við umönnunarþörf hvers og eins. Í leikskólanum er verið að ljúka þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi. Reynt er að hlusta á hugmyndir barna og eldri börnin meta ýmsar athafnir með broskallaspurningum. Dagskipulag skiptist í frjálsan leik, hópastarf og útiveru. Börnunum líður vel og samskipti þeirra einkennast af gleði og samstöðu. Unnið er með verkefnið Lubbi finnur málbein í tengslum við áherslur á læsi og vináttuverkefnið Blá í tengslum við áherslur á félagsfærni. Unnið er með útinám, íþróttir og jóga (hugarfrelsi) í tengslum við heilbrigði og umhverfismennt. Foreldrar lýsa yfir ánægju með þessa vinnu. Ágætlega er unnið með námssviðin læsi, heilbrigði, tónlist, sjálfbærni og útinám en meta ætti hvernig unnið er með skapandi starf, frásagnir, sögur og ljóð.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er gott. Foreldrar þekkja einkunnarorð leikskólans og segja að unnið sé í samræmi við þau. Almennt eru foreldrar ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans en nefndu að bæta þyrfti Karellen sem kæmi ekki að nógu góðum notum. Meirihluti foreldra telur aðbúnað barnanna góðan og eru ánægðir með stjórnun leikskólans og samskipti og viðmót starfsmanna. Við leikskólann starfar foreldraráð og foreldrafélag. Birta ætti fundargerðir foreldraráðs og foreldrafélags á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélag styður vel við starf leikskólans. Leikskólinn er í formlegu samstarfi við grunnskóla Laugalands. Leikskólinn er í góðu sambandi við nærsamfélag sitt.

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Skóli án aðgreiningar

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem hefur ábyrgð á framkvæmd sérkennslu. Hann ber ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana og er tengiliður við sérfræðinga utan leikskólans. Lögð er áhersla á að sérkennsla og stuðningur við börn fari sem mest fram á deildum en í minni hópum eða einstaklingskennslu þegar við á. Sérkennslustjóri veitir starfsmönnum deilda upplýsingar og ráðgjöf varðandi sérkennslubörn og leiðbeinir starfsmönnum sem annast þau á deildum. Leikskólinn nýtur ráðgjafar leikskólaráðgjafa, sálfræðings og talmeinafræðings og er í góðri samvinnu við félags- og skólaþjónustu héraðsins. Ekki er unnið sérstaklega með málefni barna sem eiga annað móðurmál en íslensku að því undanskildu að sýnilegir eru fánar og kveðja á öllum tungumálum leikskólans og boðið er upp á túlkabjónustu í viðtölum. Allar upplýsingar á heimasíðu eru á íslensku.

Innra mat

Í skólanámskrá er fjallað um skipulag og viðfangsefni innra mats og leitast er við að meta innra starf leikskólans með fjölbreyttum leiðum. Árlega er gerð áætlun um innra mat. Niðurstöður innra mats eru birtar í starfsáætlun/ársskýrslu leikskólans. Skipa ætti matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila. Í árlegri matsáætlun ætti að koma betur fram hvernig uppeldisstarf leikskólans er metið. Gera ætti matsáætlun til nokkura ára, sem endurspeglar hvernig helstu þættir starfsins eru metnir svo sem stefna og einkunnarorð leikskólans. Leita ætti fjölbreyttari leiða til að meta markmið og uppeldisstarf leikskólans og birta niðurstöður innra mats á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Laugalandi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 26. til 27. apríl 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 8. apríl 2021 á rafrænu formi³. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við matsaðila. Matsaðilar dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýni-viðtöl við deildarstjóra, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Haft var símasamband við sveitarstjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf. Þetta myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsaðilar fóru hver í sínu lagi yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Laugaland er tveggja deilda leikskóli í Rangárþingi ytra opinn virka daga frá kl. 7:45 til 16:15. Leikskólinn hóf starfsemi sína 7. maí 1996. Fyrstu ellefu árin var hann staðsettur í Mýrarkoti, þar sem tveimur litlum kennaraíbúðum var breytt í leikskóla. Frá 30. júlí 2007 hefur starfsemin verið í sameiginlegu húsnæði leik- og grunnskólans. Í leikskólanum eru 44 börn á aldrinum eins til sex ára, 20 stúlkur og 24 drengir. Þrír nemendur eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum, níu nemendur sem eru í greiningarferli hjá leikskólanum og skólaþjónustunni fá óskilgreindan stuðning meðan ferlið er í gangi. Þrír nemendur eiga annað móðurmál en íslensku.

Deildir leikskólans eru þessar:

Fæðingarár barna á deildinni

Holt	2018–2020
Land	2015 og 2017

Húsnæði og útileiksvæði

Leikskólinn er staðsettur undir sama þaki og grunnskóli Laugalandis. Starfsstöðvar leikskólans eru ekki samtengdar, yngri deildin er í kjallara hússins en eldri deildin á fyrstu hæð. Milli deildanna er gangur og stigi. Skrifstofa leikskólastjóra er í öðrum enda hússins og þarf annað hvort að fara út úr húsi eða í gegn um vinnuáðstöðu grunnskólans og matsal til að komast inn á deildir. Kaffistofa starfsmanna og undirbúningsaðstaða er í kjallara húss sem staðsett er utan lóðar skólans. Í *starfsmannakönnun vorið 2021*⁵ og viðtölum við starfsfólk kom fram að flestir voru sáttir við undirbúningsaðstöðuna en nefndu að óþægilega langt væri að sækja gögn þangað. Kaffistofan nýtist illa að mati starfsmanna.⁶ Leikskólinn hefur til umráða rými fyrir minni og stærri fundi og aðstaða er fyrir sérkennslu. Í leikskólanum er bókasafn, aðgangur er að íþróttasal og sundlaug sem tengd eru húsnæði skólans. Ótengdar starfsstöðvar leikskólans hamla samvinnu deilda og nýting á kaffistofu og undirbúningsaðstöðu er takmörkuð. Af þessum ástæðum uppfyllir leikskólahúsnæðið ekki að fullu kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Útileiksvæði leikskólans eru tvö afgangt svæði ótengd húsnæðinu. Annars vegar er svæði með leiktækjum sem er fyrst og fremst ætlað yngri börnum en eldri börnin nýta það eftir þörfum. Svæðið er lítið en sæmilega búið leiktækjum fyrir yngri börn en svo til enginn gróður er þar. Hins vegar er stærra afgangt svæði sérstaklega ætlað eldri börnum. Þar var boðið uppá efnivið sem gefur börnum tækifæri til að leika sér frjálst og skapandi svo sem að smíða, fara í boltaleik, drullumalla og annað sem börnin hafa áhuga á. Þegar matið fór fram hafði þessi efniviður verið fjarlægður að ráði Heilbrigðiseftirlits. Hvorugt þessara útileiksvæða eru tengd við húsnæði leikskólans. Auk þessara tveggja leiksvæða er lítið pláss fyrir framan yngri deildina ætlað allra yngsta hópnunum. Stórt opið svæði er kringum skólahúsnæðið þar sem meðal annars má finna tún, skóg, læk og Ærslaberg.⁷

Í niðurstöðu starfsmannakönnunar 2021 kom fram að meirihluti svarenda var nokkuð sammála um að útileiksvæðið hvetti til skapandi leiks. Við spurningunni um hvað mætti bæta í leikskólanum nefndu deildarstjórar og starfsfólk öryggi og efnivið á báðum útileiksvæðunum og kaffiaðstöðu starfsfólks.⁸ Í *foreldrakönnun 2021* var meirihluti svarenda mjög eða nokkuð ánægður með aðstæður utandyra.⁹

5 Starfsmanna- og foreldrakönnun. 100% svörun foreldra, 80% svörun starfsmanna. Leikskólastjórar á svæði félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu undirbjuggu kannanirnar í sameiningu. Niðurstöður voru unnar í Microsoft Forms.

6 Starfsmannakönnun 2021 og viðtöl við deildarstjóra og rýnihóp starfsfólks.

7 Ærslabergur.

8 Viðtal við deildarstjóra og rýnihóp starfsfólks.

9 Foreldrakönnun 2021.

Starfsmenn

Starfsfólk leikskólans er samtals 19 í alls 14,3 stöðugildum. Tveir stjórnendur eru í leikskólanum: leikskólastjóri og sérkennslustjóri. Leikskólastjóri í 100% stöðugildi er með leikskólakennararéttindi, B.A.-gráðu í uppeldisfræði og diplóma í sérkennslufræðum. Sérkennslustjóri í 50% stöðugildi er með leikskólakennararéttindi og framhaldsnám í listgreinum. Auk stjórnenda starfa tveir deildarstjórnarar í leikskólanum. Annar þeirra er með M.A.-gráðu í félagsráðgjöf og leikskólakennarafræðum. Hinn deildarstjórnarinn er ófaglærður. Annað starfsfólk er leikskólaliði, einn með B.A.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði og íþrótt- og heilsufræðingur. Einn starfsmaður er í námi í leikskólakennarafræðum, aðrir leiðbeinendur eru ófaglærðir. Tveir starfsmenn sjá um ræstingu. Í leikskólanum starfa 18 konur og einn karlmaður. Leikskólastjóri hefur starfað sem leikskólastjóri í Laugalandi í 15 ár. Aðstoðarleikskólastjóri hefur ekki verið starfandi í leikskólanum frá áramótum 2021. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

Hugmyndafræði og áherslur

Námsumhverfi og viðfangsefni barna eru skipulögð út frá hugmyndafræði sem fram kemur í skólanámskrá leikskólans¹⁰ og Skólastefnu Ásahrepps og Rangárbings ytra frá 2015–2017 sem ber yfirskriftina *Göngum glöð til verka*. Leikskólinn er Heilsueflandi leikskóli í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.¹¹ Leikskólastjóri og starfsfólk sagði að áherslur leikskólans væru kærleikur og umhyggja, námshvetjandi umhverfi, snemmtæk íhlutun varðandi málþroska og vellíðan barna og starfsmanna. Þetta væri dregið saman í einkunnarorðum leikskólans VINÁTTA – VISKA – VIRÐING sem allstaðar voru vel sýnileg á veggspjöldum í leikskólanum.

Starfsfólk og foreldrar þekktu einkunnarorð leikskólans og gátu bent á leiðir sem farnar væru til að framfylgja þeim. Skólanámskrá leikskólans er í endurskoðun og því eru ekki allar áherslur hennar lengur í gildi. Leikskólinn var áður vottaður ART leikskóli¹² en þeirri stefnu er ekki lengur fylgt. Í staðinn hefur verið tekin upp vinna með *jóga og hugarfrelsi* á báðum deildum. Sem dæmi um hvernig unnið væri að stefnu leikskólans nefndi leikskólastjóri vinnu með *Lubbi finnur málbein, vináttuverkefnið Blá* og *Bínu-reglur*.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð sem starfsfólk þekkir og getur bent á leiðir sem farnar eru til að framfylgja þeim.
- Leikskólinn starfar samkvæmt skólastefnu og áherslum sveitarfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Leita þarf leiða til að sameina alla starfsemi leikskólans á einum stað í sameiginlegu húsnæði leik- og grunnskólans og finna betri lausn á staðsetningu og aðbúnaði á útileiksvæði.

10 Skólanámskrá leikskólans.

11 Skólastefna Ásahrepps og Rangárbings ytra.

12 ART leikskólar.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Laugalands er Oddi bs. sem er byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla í Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Í stjórn byggðasamlagsins eru fjórir aðalmenn og fjórir til vara. Fræðslunefnd sem í sitja þrír aðalmenn og þrír til vara fer með skólamál byggðasamlagsins og er formaður hennar, sem jafnframt er sveitarstjóri, næsti yfirmaður leikskólastjóra. Leikskólastjóri situr fundi fræðslunefndar ásamt öðrum skólástjórnendum, áheyrnarfulltrúum starfsmanna og foreldra tvisvar á ári. Skólástjórnendur kynna skóladagtal, starfsáætlun, skólastefnu og innra mat fyrir fræðslunefnd á vorkundi. Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu sálfræðings, talmeinafræðings og leikskólaráðgjafa frá félags- og skólalþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu. Leikskólastjóri er í reglulegu samstarfi við leikskólastjóra á svæði félags- og skólalþjónustunnar. Eins og áður hefur komið fram vinnur leikskólinn samkvæmt menntastefnu sveitarfélagsins og starfar eftir jafnréttisáætlun, starfsmannastefnu og persónuverndarstefnu þess. Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu, áfalla- og viðbragðsáætlun er með áfallateymi, öryggishandbók og slysaskráningu. Leikskólinn hefur rýmingaráætlun og verklagsreglur vegna slysa.

Námskrá og áætlanir

Leikskólinn er með skólanámskrá frá árinu 2015. Að sögn leikskólastjóra er skólanámskráin úrelt að hluta og hafin er endurskoðun á henni með þátttöku alls starfsfólks. Í viðtölum við deildarstjóra og starfsfólk kom fram að endurskoðað þurfi hugmyndafræði leikskólans. Hafin væri vinna við endurskoðun á námskránni og með nýju fólki og aðkomu foreldra komi nýjar áherslur.¹³ Að sögn leikskólastjóra hefur vinna starfsfólks við gerð einkunnarorða leikskólans og þátttöku í *Þróunarverkefni um snemmtæka ihlutun* varðandi málþroska verið hluti af vinnu við endurskoðun á hugmyndafræði leikskólans.¹⁴ Í *Starfsmannakönnun 2021* var meirihluti starfsfólks sammála eða frekar sammála því að starfað væri eftir skólanámskrá leikskólans. Skóladagatal fyrir skólaárið er aðgengilegt á heimasíðu. Leikskólinn skilar árskýrslu til skólanefndar að vori. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár er ekki aðgengileg á heimasíðu og uppfyllir ekki allar áherslur aðalnámskrár leikskóla. Leikskólinn hefur skilað árskýrslu fyrir 2020 og starfsáætlun fyrir 2021–2022 sem uppfyllir áherslur aðalnámskrár leikskóla. Við gerð starfsáætlunar komu starfsmenn að gerð hennar á starfsmannafundi og foreldrar á fundi foreldraráðs. Skóladagatal fyrir komandi skólaár er unnið að vori og er lagt fyrir fræðslunefnd. Ítarleg starfsmannahandbók er aðgengileg starfsfólki. Að sögn sveitarstjóra hefur leikskólinn gott orð á sér í samfélaginu og ekki hafa borist kvartanir vegna hans. Nokkuð vel hafi gengið að manna leikskólann þó eitthvað hafi verið um veikindi starfsfólks. Stjórnendur skila tilskildum áætlunum og ársskýrslu til fræðslunefndar og sveitarstjóra.¹⁵

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Laugalands mynda leikskólastjóri og deildarstjórar. Sérkennslustjóri situr fundi teymisins þegar sérkennslumál eru til umræðu. Deildarstjórafundir eru vikulega og taka á bilinu 30–40 mínútur. Ekki er fyrirfram ákveðin dagskrá en yfirleitt skrifaðar fundargerðir, prentaðar út og settar inn á deildir. Á deildarstjórafundum er rætt um skipulag uppeldisstarfsins, dagskipulag, foreldraviðtöl og málefni einstaka barna. Formleg verkaskipting er ekki í stjórnendarteyminu en verkefnum er skipt niður á einstaklinga eftir áhuga og styrkleikum. Leikskólastjóri ber ábyrgð á allri almennri stjórnun og rekstri leikskólans, gerð námskrár, starfsáætlun og innra mati. Einnig sér hann um gerð fjárhagsáætlunar, ráðningu starfsmanna, skipulag foreldrasamvinnu, samskipti við yfirstjórn sveitarfélagsins og félags- og skólalþjónustu. Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar eru fimm á ári auk eins dags fyrir *Haustþing félags leikskólakennara og stjórnenda leikskóla*, sem haldið er fyrir alla leikskóla Suðurlands. Á skipulagsdögum er fjallað um innihald og skipulag fagstarfsins, boðið uppá fræðslu og unnið að endurmati. Fjórir af fimm skipulagsdögum eru samræmdir við skipulagsdaga grunnskólans og einn við leikskólann Heklukot. Starfsmannafundir eru haldnir eftir þörfum

13 Starfsmannakönnun 2021.

14 Viðtal við leikskólastjóra.

15 Síma viðtal við sveitarstjóra.

um það bil annan hvern mánuð. Á síðasta skólaári voru aðeins tveir fundir vegna Covid-19. Yfirleitt standa starfsmannafundir yfir í tvo tíma utan vinnutíma. Samkvæmt starfsmannakönnun telur starfsfólk starfamannafundina nýtast vel.¹⁶

Á starfsmannafundum er rætt um ýmis málefni sem snerta allt starfsfólk, mikilvæg skilaboð, samræmingu á vinnuaðferðum og farið yfir reglur sem gilda í leikskólanum. Gert er endurmat á verkefnum sem tengjast öllum, svo sem styttingu vinnuviku. Starfsfólk segir frá námskeiðum sem það hefur sótt og leitað er eftir hugmyndum starfsfólks um verkefnaval og vinnutilhögun. Endurmat er gert á starfsáætlun, kynntar niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum og mati barna. Farið er yfir mat sem deildarstarfsfólk hefur gert á uppeldisstarfinu. Leitað er eftir hugmyndum um úrbætur og settir ábyrgðarmenn fyrir framkvæmdinni. Teknar eru fyrir ábendingar frá foreldrum.

Deildarfundir eru haldnir aðra hvora viku 30–40 mínútur í senn. Þar er fjallað um starfið á deildinni, mat á starfinu og einstaka börn. Deildarstjórar fá lögbundinn undirbúningstíma en auk þess fær ófaglært starfsfólk einn til tvo tíma á viku eftir hvaða verkefnum það sinnir. Deildarstjórar sjá um að skipuleggja þessa tíma. Í starfsmannakönnun kemur fram að meirihluti svarenda telur deildarfundir gagnlega, deildarstjórar leggi rækt við samskipti í daglegu starfi og hafi góða yfirsýn yfir málefni deildarinnar.¹⁷

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Farið er eftir verkferli við móttöku nýrra starfsmanna. Leikskólastjóri sér um kynningu á leikskólanum og tekur stöðuviðtal eftir tvo mánuði. Deildarstjórar sjá um að kynna starfið á deildinni og setja nýtt starfsfólk inn í starfið.¹⁸ Símenntunaráætlun liggur fyrir í leikskólanum. Þar segir að miðað sé við að hver einstaklingur fái 18 tíma fyrir símenntun á ári. Í samvinnu við skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er boðið upp á námskeið sem miða að því að efla þekkingu starfsfólks á skólasvæðinu og sníða námskeið að þörfum skólanna hverju sinni. Einnig er samstarf við skólaþjónustu Árnesþings um að sækja námskeið á þeirra vegum. Allt starfsfólk sækir Haustþing FL og FSL sem hluta af símenntun leikskólans. Sveitarfélagið styrkir starfsfólk til náms í leikskólakennarafræðum með launum á námstímanum og fjárstyrk að lokinni hverri önn. Auk þess fá nemendur í leikskólaliðanámi og uppeldisfræði laun á námstíma. Við skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu starfar leikskólaráðgjafi sem veitir handleiðslu og ráðgjöf til leikskólastjóra og starfsfólks og leikskólastjórar á svæðinu hafa með sér reglulegt samstarf.¹⁹ Á deildum sáu matsaðilar áætlun fyrir fundi með skólaþjónustunni.

Stytti starfsþróunarsamtöl, snerpuviðtöl, eru tekin af leikskólastjóra fjórum sinnum á ári og lýsti starfsfólk yfir ánægju með það fyrirkomulag. Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunar fær nýtt starfsfólk góða aðlögun og leiðsögn.²⁰ Skipurit er til fyrir leikskólann og í starfsmannahandbók eru greinargóðar starfslýsingar.²¹

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri reyna að nota visku, dómgreind, vináttu og virðingu sem leiðarljós og vildi geta verið stoltur af leikskólanum. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að öllum liði vel í leikskólanum, sagðist hlusta á starfsfólkið og reyna að byggja upp jákvæðni innan starfshópsins. Í þeim tilgangi tæki hann árlega fjögur styttri persónuleg viðtöl, snerpuviðtöl, í stað eins starfsmannasamtals. Leikskólastjóri lagði áherslu á mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða: „Allir þurfi að hafa hlutverk því fólki líði betur ef það fær að bera ábyrgð.“²² Í foreldrakönnun og rýnihópi foreldra kom fram að meirihluti svarenda var ánægður með samskipti við leikskólastjóra. Auðvelt væri að ná sambandi við hann og leikskólanum væri stjórnað af metnaði til að vinna gott starf. Leikskólastjóri hvetji og styðji starfshópin sem væri mikilvægur þáttur í að halda fólki ánægðu.²³ Leikskólastjóri sagðist fara daglega inn á deildir til að fylgjast með uppeldisstarfinu og gefa endurgjöf. Hann ræðir uppeldisstarfið á deildarstjórafundum og deildarstjórar fylgja málum eftir á deildum. Leikskólastjóri sagðist horfa á það sem

16 Starfsmannakönnun 2021.

17 Starfsmannakönnun 2021.

18 Móttökuáætlun nýrra starfsmanna.

19 Símaviðtal við sveitarstjóra.

20 Starfsmannakönnun 2021.

21 Starfsmannahandbók.

22 Viðtal við leikskólastjóra.

23 Rýnihópur foreldra. Foreldrakönnun.

vel væri gert og hrósa öllu starfsfólki. Hann sagðist þekkja öll börnin og undir það tóku deildarstjórar og starfsfólk.²⁴ Í viðtölum við deildarstjóra, starfsfólk og í starfsmannakönnun kom fram að leikskólastjóri væri vel sýnilegur á deildum, fylgdist með og gengi í flest störf ef með þyrfti. Hann væri faglegur leiðtogi sem beitti lýðræðislegum vinnubrögðum og fylgdist vel með starfinu á deildum. Leikskólastjóri væri góð fyrirmynd, sýndi gott viðmót og auðvelt væri að leita til hans.²⁵ Í rýnihópi barna kom fram að þau þekktu nafn leikskólastjóra og sögðu að hann stjórnaði öllu inni en ekki hvað þau gera.²⁶

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsfólk voru sammála um að í leikskólanum ríkti góður starfsandi, traust og gagnkvæm virðing. Hlustað væri á alla og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða. Andrúmsloftið afslappað, ánægja og vellíðan innan hópsins. Ef upp kæmu ágreiningsmál væri tekið á þeim strax. Starfsfólk hefur tekið þátt í verkefni sem kallast *Laugaland lífsgleði* í þeim tilgangi að efla starfsandann. Leikskólastjóri og starfsfólk var stolt af störfum sínum og töldu sig metin að verðleikum. Metnaður einkenndi hópinn í heildina, hæfileikar og þekking fólks fengi að njóta sín og vel væri tekið í nýjungar. Í leikskólanum væri lögð áhersla á að halda uppi jákvæðni og hómor. Sem sterka þætti í leikskólastarfinu nefndu stjórnendur og starfsfólk samhentan og metnaðarfullan starfshóp, jákvætt andrúmsloft og stolt yfir að tilheyra þessum leikskóla.²⁷ Í leikskólanum er starfandi starfsmannafélag sem sett hefur sér markmið og reglur. Að mati foreldra í rýnihópi hefur menntunarstig innan starfsmannahópsins aukist og mikið væri af færu fólki sem leggði áherslu á fagmennsku í starfi.²⁸

Styrkleikar

- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum, verkefnum er skipt eftir áhuga og styrk starfsmanna. Deildarstjórar sjá um að skipuleggja starfið á deildum.
- Leikskólastjóri fundar reglulega með fræðslunefnd og er í góðu samstarfi við sveitarstjóra sveitarfélagsins.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn og móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Leikskólinn er með skipurit og gerðar hafa verið starfslýsingar fyrir starfsfólk.
- Styttri starfsþróunarsamtöl (snerpuviðtöl) eru tekin fjórum sinnum á ári.
- Leikskólinn er með læsisstefnu, móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu og starfsmanna- og persónuverndarstefnu. Í leikskólanum eru verkferlar vegna barnaverndarmála og viðbragða við samfélagslegum áföllum, áfalla- og viðbragðsáætlun. Leikskólinn hefur rýmingaráætlun og verklagsreglur við slysum, slysaskráningu og öryggishandbók.
- Leikskólinn er með jafnréttis og eineltisáætlun.
- Leikskólinn er með símenntunaráætlun. Sveitarstjórn styrkir starfsfólk til náms.
- Skóladagatal leikskólans er á heimasíðu.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu, hafa metnað fyrir hönd leikskólans og trú á gæðum starfsmanna. Starfsmannafélag er starfandi við leikskólann.
- Árlega eru gerðar foreldra- og starfsmannakannanir á vegum leikskólans.
- Starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans.
- Leikskólaráðgjafi veitir stjórnendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf.
- Leikskólastjórar á svæði skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafa með sér reglulegt samstarf.

24 Viðtal við leikskólastjóra.

25 Viðtöl við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna. Starfsmannakönnun 2021.

26 Rýnihópur barna.

27 Viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfamanna. Starfsmannakönnun 2021.

28 Rýnihópur foreldra.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra í leikskólasamfélaginu, starfsfólks, foreldra og barna.
- Gera ætti rýmingaráætlun fyrir leikskólann sýnilega við alla útganga sem tilheyra leikskólanum.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Eins og áður hefur komið fram deilir leikskólinn húsnæði með grunnskólanum og reynt er að skipuleggja það þannig að sé hægt að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni fyrir börnin. Yngri deildin er með stórt rými í kjallara sem skipt er upp með skilrúmum og lausum veggjum. Þar er gott rými fyrir gólfleiki og vinnu með minni hópa. Eldri deildin er á fyrstu hæð í rými sem skiptist í þrjú herbergi. Við báðar deildir eru fataklefar og salerni. Báðar deildir eru vel nýttar til leikja og náms. Í rými sem tilheyrir leikskólanum er bóka- og leikfangasafn en sameiginleg listastofa er ekki í leikskólanum. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttahúsi í sama húsnæði og nýttist fyrir báðar deildir. Sundlaug áföst húsinu er nýtt fyrir börnin. Það er skoðun matsaðila að starfsfólk reyni að finna sem bestar lausnir á nýtingu húsnæðisins. Á þeim tíma sem matið fór fram mátti sjá börn sem nutu sín jafnt í frjálsum sem skipulögðum leikjum. Skipulag húsnæðisins dregur úr möguleikum á samstarfi milli deilda leikskólans. Í símaviðtali við sveitarstjóra kom fram að mikilvægt væri að bæta aðstöðu leikskólans.²⁹ Bækur eru aðgengilegar börnunum á deildum og eldri börnin fara ásamt starfsmanni á bókasafn staðarins og velja sér bækur. Spjöld með bókstöfum, táknmáli og tölustöfum voru sýnileg á veggjum í hæð barnanna. *Bínureglur* voru í hæð barnanna.

Deildarstjórar og leikskólastjóri bera ábyrgð á gerð dagskipulags sem er endurskoðað eftir þörfum. Dagskipulag er sýnilegt á deildum og skiptist í frjálstan leik, hópastarf, hvíld og útiveru. Sögu- og samverustundir eru skipulagðar á hverjum degi. Útivist er alla daga auk þess sem farið er í gönguferðir og útinám. Dagskipulag er sýnilegt foreldrum í fataklefa. Á eldri deild eru fánar allra barna sýnilegir og spjöld með „góðan dag“ á tungumálum þeirra.

Leikskólinn er nokkuð vel búinn leik- og námsgögnum svo sem einingakubbum, dýrum, bílum, efnivið til skapandi starfs og þykistuleikja. Aðgengi barnanna að leikefni er í flestum tilfellum gott. Leik- og námsgögn höfðu til allra aldurshópa, en leikfangakostur er nokkuð ósamstæður, í sumum tilfellum úr sér genginn. Á eldri deild er klifurveggur með þykkri dýnu fyrir neðan sem jafnframt er notuð fyrir samverustundir. Hljóðfæravagn var í leikskólanum og vísir að efnisveitu er á háalofti sem var ekki aðgengileg börnum.

Útileiksvæði leikskólans í tvennu lagi. Afgirt svæði með leiktækjum ótengt húsnæðinu býður upp á nokkuð fjölbreytt viðfangsefni og svæði, frekar ætlað eldri börnum, getur boðið upp á fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.

Starfshættir

Leikskólastjóri og deildarstjórar skipuleggja uppeldis- og menntastarf leikskólans. Umræður um starfið fara fram á deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum. Sjá mátti áherslu leikskólans endurspeglast í starfinu á báðum deildum. Unnið er skipulega að ýmsum þáttum í leikskólanum. Í hópastarfi er meðal annars unnið með *Lubbi finnur málbein*,³⁰ *vináttuverkefnið Blær*,³¹ *Jógastundir*, útinám og málörvun. Elstu börnin fara í skólaheimsókn og dagskóla til skiptis aðra hverja viku. Vikulega fara öll börnin í íþróttaskóla í minni hópum (íþróttahús) og sund er vikulega fyrir tvo elstu árgangana á haust- og vorönn. Í hópastarfi á yngri deild er unnið með málörvun, tónlist, myndlist, jógastundir og *Úti er ævintýri* (útinám). Útivera er daglega á báðum deildum. Lögð er áhersla á frjálstan leik, lestur og söng á báðum deildum. Börnin á eldri deild hafa val um viðfangsefni í frjálsa leiknum og geta skipt um viðfangsefni. Í hópastarfi skiptast börnin í minni hópa, kennari fylgir hverjum hópi og tekur þátt í starfinu með börnunum. Í samverustund fyrir útiveru er farið yfir verðurútlit dagsins og hvaða klæðnaður sé æskilegur. Matsaðilar sáu að samskipti starfsfólks við börnin einkenndust af umhyggju og virðingu. Í starfsmannakönnun voru flestir sammála því að vinnuaðferðir á deildum væru samræmdar. Samræmdar reglur um viðbrögð við erfiðri hegðun eru ekki skriflegar en áhersla er á að mæta hverjum einstaklingi út frá þörfum hans. Að sögn deildarstjóra er rætt um hvaða agareglur henti hverju barni til að allir geti brugðist eins við: „Allir þekkja hvernig á að bregðast við hverju barni, allir á deildinni.“³² Meiri hluti svarenda í starfsmannakönnun var sammála því að litið væri á leikinn sem náms- og þroskaleið

29 Síamaviðtal við sveitarstjóra.

30 *Lubbi finnur málbein*.

31 *Blær - vináttuverkefni*.

32 Viðtal við deildarstjóra.

og velferð barnsins alltaf höfð að leiðarljósi. Reynt væri að efla sjálfstæði barnanna með því að hvetja þau til að gera hlutina sjálf.³³ Á vettvangi sáu matsaðilar að börnin skömmtuðu sér ekki sjálf við matarborðið en að sögn starfsfólks þurfti að breyta reglum við matarborðið tímabundið vegna Covid-19 faraldursins. Í fataherbergi og íþróttahúsi sáu matsaðilar að börn á báðum deildum voru hvött til að klæða sig úr og í sjálf. Gott samstarf var á deildum. Samstarf milli deilda hefur snúist um sameiginleg verkefni og heimsóknir barna milli deilda. Þessi samvinna takmarkast nokkuð af húsnæðinu og vegna Covid-19 hafa heimsóknir milli deilda legið niðri um tíma. Í leikskólanum er að ljúka þróunarverkefni um *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi*.³⁴ Að mati foreldra hefur starfsfólk gott viðhorf til barnanna, kemur til móts við þarfir þeirra og sýnir þeim umhyggju og virðingu. Starfsfólki er umhugað að halda uppi góðu starfi og sinna því vel. Foreldrar nefndu nokkra þætti í starfinu sem þeir voru ánægðir með: jóga kennsluna, íþróttastarfið, sundkennsluna, samstarf við grunnskólann, nýtingu á nærumhverfinu, vinnu með Blæ, áherslu á góð samskipti og hrós til barnanna.³⁵

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í námskrá leikskólans er fjallað um lýðræði og jafnrétti. Þar segir að hlusta skuli á raddir barnanna, gefa þeim tækifæri til að koma með hugmyndir sínar og skoðanir.³⁶ Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra og starfsfólks er reynt að hlusta á hugmyndir barnanna og tvinna inn í starfið, þannig geti börnin haft áhrif á fyrirfram ákveðin verkefni. Þau hafa val um leikefni í frjálsum leik og velja sér leikfélaga. Í hópastarfi er safnað saman hugmyndum og börnin taka þátt í að skapa sína dagskrá. Fram kom hjá deildarstjórum að þeir leggja áhersla á að fylgjast með því að allir eigi sinn stað í leiknum og að styrkja vinnu innan barnahópsins.

Skipulags húsnæðisins á yngri deild veldur því að erfiðara er að bjóða börnum upp á flæði og einstaklingsval. Lögð er sérstök áhersla á að vinna með vinnu til að mæta þörfum elsta hópsins á deildinni. Reynt er að leyfa börnunum að hafa áhrif á verkefni í hópastarfi og útinámi/ævintýraferðum eftir því sem þau hafa þroska til.³⁷ Starfsfólk talaði um *gæðastundir/lýðræðisaugnablik* með yngri börnunum, „gaman væri fylgjast með vali þeirra í vettvangsferðum/útinámi“ og talaði um að fjölga mætti tækifærum til að velja inn á deild.

Börn í rýnihópi sögðust ekki hafa komið að því að búa til reglur því „skólastjórinn/leikskólastjórinn býr til reglurnar.“ Þau töldu upp nokkrar reglur svo sem að bannað væri að meiða, bannað að klifra á girðingu, bannað að fylla klósettið af pappír. Notaðar eru Bínu-reglur í leikskólanum og sáu matsaðilar hvernig börn og starfsfólk notaði þær. Deildarstjórar töluðu um að markvisst væri unnið að því að hvetja börnin til að tjá sig, sögðust meðvitaðir um mikilvægi þess og nefndu sem dæmi hvernig það gæti hjálpað óframfernum og kvíðnum börnum.

Námssvið

Samkvæmt námskrá leikskólans eru námssvið í aðalnámskrá leikskóla 2011 samþætt daglegu starfi. Sjá mátti þessa samþættingu í dagskipulagi, veggspjöldum með áherslum hvers námssviðs og í starfi á vettvangi. Í skólanámskrá er talað um læsi í víðum skilningi, fyrir utan bóklæsi er talað um að í gefandi samskiptum aukist félagsfærni og styrking sjálfmyndar, auk tjáningar í tónlist, myndmáli, snertingu og fleira.³⁸ Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að einn starfsdagur hafi verið tekinn undir fræðslu um námssviðin, leikskólaráðgjafi kynnti aðalnámskrá með fyrirlestri og starfsfólk skiptist í hópa til að ræða starfið út frá því. Þessi vinna var hluti af endurskoðun skólanámskrár sem ætlunin er að halda áfram haustið 2021.

Í leikskólanum er lögð sérstök áhersla á læsi og félagsfærni. Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun varðandi læsi ásamt skólum í umdæmi skólalágráttu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu eins og áður hefur komið fram. Námsumhverfi leikskólans styður nokkuð vel við máltöku og málþroska allra og sjá mátti þess merki á vettvangi. Áhersla á læsi og ritmál er sýnileg í hæð barnanna á eldri deild og bækur eru aðgengilegar. Námsverkefnið *Lubbi finnur málbein* sem styður mál og málnotkun barna er notað í hópastarfi og efniviður tengdur því var sýnilegur á deildum.

33 Starfsmannakönnun.

34 Gögn frá leikskólastjóra.

35 Rýnihópur foreldra.

36 Skólanámskrá.

37 Viðtal við deildarstjóra.

38 Skólanámskrá leikskólans.

Í útinámi eldri barna er reynt að tengja stafalæsi inn í starfið auk umhverfis og félagslegs læsis. Samvinna er um lestur bóka við heimili barnanna. Börnin hafa heim með sér útklippta fugla fyrir foreldra að skrifa á nafn bókarinnar sem er lesin heima. Börnin kom með fuglana aftur í leikskólann og festa þá á trjágrein, *sögutré* sem fyllist af *sögufuglum*.

Í skólanámskrá er talað um að heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á hreyfingu úti og inni fyrir alla aldurshópa. Vikulega fer hver hópur í íþróttahús, börn á eldri deild fara í útinám vikulega, auk vettvangsferða á báðum deildum. Á vettvangi sáu matsaðilar skipulagðar hreyfistundir í íþróttahúsi, vettvangsferðir og frjálstan leik á útileiksvæði. Verkferlar eru til fyrir íþróttastundir og jóga. Leikskólinn fær mat úr sameiginlegu eldhúsi með grunnskólanum þar sem stefnan er að bjóða uppá hollt mataræði samkvæmt stefnu sveitarfélagsins um Heilsuefandi samfélag.³⁹ Unnið er með vináttuverkefnið Blæ sem var sýnilegt á báðum deildum, bangsar og veggspjöld. Í rýnihópi lýstu foreldrar yfir ánægju með íþróttæfingar og sundkennslu.⁴⁰

Í skólanámskrá er talað um sjálfbærni sem lið í því að styrkja börn sem ábyrga samfélagsþegna. Börn þurfi að læra að þekkja, skilja og virða náttúruna.⁴¹ Pappír og plast er flokkað í leikskólanum og matarafgangar, sendir í hæsnabú í nágenninu. Lögð er áhersla á góða umgengni við umhverfið meðal annars í útinámi. Í skólanámskrá og í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk kom fram að lögð er áhersla á að börn fái að rannsaka, draga ályktanir og læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Í næsta nágrenni skólans er að finna margar uppsprettur fyrir rannsóknir og fræðslu, þar er lækur, trjágróður, fuglalíf, búfénaður og fiskeldi.⁴² Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu til að börnin fái að kynnast hringrás náttúrunnar og fjölbreytileika árstíða. Til er kennsluáætlun yfir skólaárið fyrir útinám sem kallast *Úti er ævintýri*. Hæfniviðmið eru fyrir hvern dag, viðfangsefni og kennslufyrirkomulag og dálkur fyrir athugasemdir sem hægt er að nýta í innra mat leikskólans. Deildarstjórar nefndu að unnið væri með öll námsviðin í útináminu. Ræktun á blómum af ýmsum tegundum er hluti af starfi leikskólans. Fylgst er með veðurfari daglega og rætt um hvaða klæðnaður er viðeigandi hverju sinni. Leik- og námsefni sem tengist vísindum eru einingakubbar og tölustafir á veggjum. Smásjá, stækkunargler og annað sem tengist útinámi og vísindum er geymt í skáp á eldri deild, ekki aðgengilegt börnum en þau geta óskað eftir að fá að nota þessi gögn eftir þörfum.

Tónlist fer fram í samverustundum daglega á báðum deildum, stundum við gítarundirleik. Á yngri deild notar starfsfólk tákni með tali í söngstundunum. Hlustað er á tónlist í hvíld og að sögn leikskólastjóra og starfsmanna biðja börnin stundum um að spiluð sé tónlist þegar þau eru í frjálsum leik. Kennari frá Tónlistarskóla Rangæinga vinnur með elsta árgangi leikskólans vikulega 30 mínútur í senn. Börnin fá að kynnast mismunandi hljóðfærum, hlusta og prufa að spila. Fræðast um eitt og annað tengt tónlist og syngja saman. Börnin æfa atriði fyrir útskrift að vori þar sem þau syngja og spila á hljóðfæri. Yngri árgangarnir fá tónlistartíma vikulega þar sem börnin kynnast hljóðfærum, spila, syngja, æfa takt, búa til hljóðfæri og gera hljómsveit þar sem allir hafa hlutverk. Öll börnin fá kynningu á mismunandi tónlistarstefnum svo sem rokki og klassík.⁴³

Listköpun fór að mestu fram í hópastarfi á deildum. Efniviður til skapandi starfs er ekki vel aðgengilegur börnum fyrir utan pappír og liti/blýanta. Málaratrönur eru frammi á gangi hjá eldri deild en ekki aðgengilegar börnum. Að sögn deildarstjóra er öðru hvoru sett upp listasmíðja með málaratrönunum og frjálsum aðgangi barna að efniviði til málunar. Matsaðilar sáu dæmi um að unnið væri með skapandi starf í hópastarfi á báðum deildum. Nokkur listaverk barnanna voru sýnileg á veggjum.

Velferð og líðan barna

Að mati matsaðila einkenndist andrúmsloft leikskólans af umhyggju, virðingu fyrir einstaklingnum og hlýju viðmóti. Starfsfólk var til staðar fyrir börnin og sýndi þeim þolinmæði í samskiptum. Matsaðilar sáu glöð og áhugasöm börn sem áttu yfirleitt í góðum samskiptum. Þegar bar á ágreiningi milli barna tók starfsfólk á því af yfirvegum. Elstu börnin sem talað var við sögðu skemmtilegast að lita, leika með einingakubba, líka í „dúkkó.“ Sögðu einnig að allt væri skemmtilegt í hópastarfi, t.d. „að lita, mála, taka húð af tré, klippa og líma.“⁴⁴ Í rýnihópi foreldra og í foreldrakönnun 2021 kom fram að börnin væru

39 Oddi bs.

40 Rýnihópur foreldra.

41 Námskrá leikskólans.

42 Skólanámskrá. Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

43 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

44 Rýnihópur barna.

ánægð í leikskólanum og líði vel, væru ánægð að fara í leikskólann og samskipti starfsfólks við börn væru góð. Meirihluti foreldra sem svaraði foreldrakönnun voru mjög eða nokkuð sammála því að þeir hefðu tækifæri til að ræða við starfsfólk um hvernig heimili og skóli gætu unnið saman að uppeldi barna.⁴⁵ Við aðlögun barna er farið eftir ákveðnu ferli sem foreldrar voru ánægðir með.

Mat á námi og velferð barna

Á heimasíðu leikskólans er skema um fyrirkomulag námsmats. Þar eru talin upp þau gögn sem notuð eru við mat á námi og velferð barna: Mot – 4-6 hreyfiporskrápróf, Hljóm-2, TRAS skráningarlistinn, Íslenski þroskalistinn. Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil og AAL-próf eru notuð ef grunur vaknar um frávik.⁴⁶

Samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra, leikskólastjóra, deildarstjórum og rýnihópi foreldra eru notuð viðurkennd matstæki við mat á námi og framförum barna. HLJÓM-2 sem kannar hljóð- og málvitund er lagt fyrir elstu börnin. TRAS skráningarlistinn (n. Tíðlig registrering av språkuþvikling) er fyrir alla árganga. Íslenski þroskalistinn, fylltur út af foreldrum, metur mál- og hreyfiproska barna á aldrinum þriggja til sex ára er notaður fyrir öll börn. Smábarnalistinn metur mál- og hreyfiproska 15 til 38 mánaða barna. Hann er einnig fylltur út af foreldrum og notaður ef grunur vaknar um frávik. Til undirbúnings fyrir foreldraviðtöl eru notaðir matslistar sem meta vitsmunapróska, málþroska, skyn- og hreyfiproska og félags- og tilfinningapróska. Í foreldraviðtölum er farið yfir stöðu og framfarir barnanna. Foreldrar í rýnihópi þekktu til þeirra matstækja sem notuð eru í leikskólanum og sögðust fylla út matslista heima. Í viðtali og foreldrakönnun sögðu foreldrar að vel væri tekið í ábendingar þeirra og strax brugðist við ef foreldrar hafa áhyggjur af þroska barnsins. Í foreldrakönnun var meirihluti svarenda sammála eða frekar sammála þeirri spurningu að starfsfólk kæmi til móts við ummönnumarþörf barnsins.⁴⁷ Á eldri deild meta börnin ýmsar athafnir með brosköllum.⁴⁸ Ekki voru *Uppeldislegar skráningar* á námi og framförum barna og þau hafa ekki sett sér markmið. Ófullkomnar ferilmöppur eru fyrir börnin í leikskólanum.

Styrkleikar

- Reynt er að skipuleggja húsnæðið þannig að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni. Leikskólinn er nokkuð vel búinn leik- og námsgögnum og aðgengi barnanna að leikefni er í lagi.
- Áherslur leikskólans á læsi endurspeglast í starfi með börnunum.
- Samskipti starfsmanna einkennast af umhyggju og virðingu og starfsmenn deilda fá tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð.
- Námsumhverfi styður við máltöku og málþroska barna.
- Hvert barn hefur sína möppu sem fylgir þeim milli deilda.
- Skipulagt samstarf er milli foreldra og leikskóla um samræmt uppeldi barna.
- Foreldrum finnst barnið sitt öruggt í leikskólanum og telja að því líði vel.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun við mat á námi og framförum barna.
- Leikskólinn hefur aðgang að íþróttahúsi og sundlaug sem tengjast húsnæðinu.

45 Rýnihópur foreldra og foreldrakönnun 2021.

46 Heimasíða leikskólans.

47 Rýnihópur foreldra og foreldrakönnun 2021.

48 Viðtöl við sérkennslustjóra, leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp foreldra.

Tækifæri til umbóta

- Leikfangakostur er nokkuð ósamstæður og mætti yfirfara og flokka.
- Skoða mætti aðgengi barna að efni til skapandi starfs og framkvæmd listgreinakennslu þar sem lögð er áhersla á ferli frekar en útkomu.
- Skoða mætti vinnu með frásagnir, sögu og ljóðagerð.
- Gera ætti áætlun um mat á námi og framförum barnanna og reglulegar skráningar á framförum.
- Æskilegt væri að taka upp *Uppeldislegar skráningar* á námi og framförum barna og bæta ferilmöppur fyrir börnin.
- Skoða ætti möguleika á að gefa börnum tækifæri til að leggja til leiðir í eigin námi.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann, þrjú fulltrúar eru kosnir á foreldrafundi að hausti en þeir hafa ekki skipt með sér verkum. Á heimasíðu eru upplýsingar um fulltrúa í foreldraráði, starfsreglur og ýtarlegur gátlisti fyrir foreldraráð. Fundir eru fimm til sex á ári og yfirleitt er það foreldraráðið sem boðar til þeirra. Dagskrá er lögð fram á fundi og skrifuð fundargerð. Fundargerðir eru ekki á heimasíðu. Leikskólastjóri situr fundi ef óskað er. Verkefni sem foreldraráð sinnir er yfirlestur á skóladagatali, skólánámskrá og starfsáætlun. Yfirleitt snúa foreldrar sér beint til leikskólastjóra sem í sumum tilfellum sendir erindið til foreldraráðs. Foreldraráð hefur komið að ágreiningsmálum og að sögn leikskólastjóra og rýnihóps foreldra er samstarfið milli ráðsins og leikskólans gott. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Samkvæmt leikskólastjóra og rýnihópi foreldra er foreldrafélagið virkur samstarfsaðili leikskólans. Félagið tekur þátt í framkvæmd vorhátíðar, öskudagsskemmtun, fjöruferð, föndurdegi fyrir jóla og árlega er keypt inn leiksýning fyrir leikskólann. Af og til styrkir foreldrafélagið leikskólann með kaupum á leiktækjum/kennslugögnum. Foreldrar eru „þokkalega“ virkir að sögn rýnihópsins, mæting á foreldrafundi mætti þó vera betri.

Viðhorf foreldra

Foreldraviðal er einu sinni á ári þar sem foreldrar fá upplýsingar um framfarir og líðan barnsins. Í foreldrakönnun kemur fram að meirihluti foreldra er almennt jákvæður í ummælum sínum um leikskólann. Þar kemur fram að foreldra eru ánægðir með árleg foreldraviðtöl og flestir eru ánægðir með upplýsingar varðandi líðan barnsins í leikskólanum. Meirihluti er ánægður með hvernig brugðist er við ábendingum þeirra og flestir eru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans. Meirihluti eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna, nám barnsins og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum. Flestir eru ánægðir með upplýsingagjöf og matseðil leikskólans. Foreldrar í rýnihópi nefndu að bæta mætti þjónustu Karella upplýsingaforritsins. Í foreldrakönnun kemur fram að flestir eru mjög eða nokkuð ánægðir með leikaðstöðu barna inni og úti. Sem sterka þætti í leikskólastarfinu nefndu foreldrar í rýnihópi fagmennsku starfsfólks og metnað þeirra til að láta börnunum líða vel. Að mati foreldra er mikið álag á starfsfólki meðal annars vegna veikinda. Í rýnihópi foreldra kom fram athugasemd við heimsóknir prests í leikskólann.⁴⁹

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við grunnskóla Laugalands með áætlun um markmið og fyrirkomulag á uppbyggingu samstarfs skólastiganna. Á heimasíðu eru greinargóðar upplýsingar um samstarf skólastiganna.⁵⁰ Sett er upp sameiginleg dagskrá að hausti fyrir íþróttahús og sundlaug. Meðal þess sem fram kemur í markmiðum fyrir samstarf skólastiganna er að sjá til þess að vinskapur og félagsleg tengsl barna í leik- og grunnskóla viðhaldist. Veita börnunum stuðning og öryggi með tengingu skólastiganna. Leikskólabörnin fá að kynnast aðstæðum og skipulagi grunnskólans og kennarar beggja stiga þekki til starfs hvers annars til að mynda betri samfellu í uppeldi og menntun barnana, skapa öryggi fyrir foreldra þegar börnin færast milli skólastiga, mæta þörfum hvers og eins og byggja nám barnanna á reynslu þeirra.

Annað samstarf

Samstarf við leikskólann Heklukot. Elstu börnin hittast einu sinni á ári til þess að leika sér saman úti og á síðasta ári fóru þau saman í útinám á Laugalandi. Samstarf er við bókasafn staðarins og við tónlistarskólann. Prestur staðarins kemur reglulega í heimsókn um það bil 12 sinnum á ári. Brunavarnir staðarins hafa verið í árlegu sambandi, þó ekki í ár vegna Covid-19. Leikskólinn er í samstarfi við ýmsa sveitabæi um heimsóknir, einnig við fiskeldisfyrirtæki og safnið í Nefsholti.

49 Foreldrakönnun 2021 og rýnihópur foreldra.

50 Heimasíða leikskólans.

Styrkleikar

- Foreldraráð er starfandi við leikskólann það heldur reglulega fundi með dagskrá og fundargerð. Starfsreglur og gátlisti er fyrir foreldraráð á heimasíðu.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólans og er virkur samstarfsaðili leikskólans.
- Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og meirihluti foreldra er jákvæður í ummælum sínum um leikskólann.
- Formlegt samstarf er við grunnskóla Laugalandis.
- Leikskólinn er í góðum tengslum við stofnanir og vinnustaði í nágrenni leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Fundargerðir foreldraráðs ættu að vera á heimasíðu leikskólans.
- Bæta ætti þjónustu Karellen.
- Skoða þarf athugasemdir foreldra um heimsóknir prests í leikskólann.

Skóli án aðgreiningar

Skólajónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 50% starfi sem ber ábyrgð á og hefur umsjón með sérkennslu, sinnir greiningu og veitir starfsmönnum ráðgjöf. Starfslýsing fyrir sérkennslustjóra er í starfsmannahandbók. Sérkennslustjóri er ekki hluti af stjórnunarteymi leikskólans en situr deildarfundi þegar sérkennslumál eru til umræðu. Sérkennslustjóri fundar vikulega með leikskólastjóra og deildarstjórum beggja deilda, einnig er hann kallaður á deildarfundi ef með þarf. Sérkennslustjóri er tengiliður við sérfræðinga utan leikskólans, sálfræðing og talmeinafræðing. Í leikskólanum er til skriflegur ferill ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.⁵¹ Sérkennslustjóri er í samskiptum við foreldra barna sem njóta stuðnings og teymi er myndað um. Fyrir öll börn með skilgreindan stuðning er gerð einstaklingsáætlun sem unnin er í samstarfi við foreldra, starfsfólk deilda og utanaðkomandi sérfræðing. Einstaklingsáætlun er metin reglulega með þátttöku foreldra. Teymisfundir fyrir börn með skilgreindan stuðning eru á sex til átta vikna fresti en þess utan hittir sérkennslustjóri foreldra eftir þörfum. Í þjónustuteymi fyrir börn sem njóta stuðnings eru sérkennslustjóri, leikskólastjóri, viðkomandi sérfræðingur, deildarstjóri og stuðningsaðili. Fyrir börn sem fá óskilgreindan stuðning eru gerð markmiðsblöð. Þeir sem sinna sérkennslu auk sérkennslustjóra eru leikskólastjóri og starfsmaður á deild. Stefna leikskólans er að stuðningur og sérkennsla fari sem mest fram á deild með áherslu á þátttöku allra. Matsaðilar sáu dæmi um slíka vinnu. Utan deilda er eftir þörfum veitt þjálfun fyrir einstaklinga eða litla hópa. Námsumhverfi býður upp á aðstæður til þjálfunar og auðvelt er að fá kennslugögn. Starfsfólk er ánægt með skipulag og framkvæmd sérkennslu og matsaðilar sáu dæmi um áhuga og gleði barns sem var að fara í „tíma“ hjá sérkennslustjóra með vini sínum.⁵² Í undirbúningi er að endurskoða skipulag sérkennslu í leikskólanum og hvernig verkefnum hennar er deilt innan starfshópsins.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Verkferill er til um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn fær tulkajónustu frá Reykjavík á staðinn eða gegnum síma. Að sögn leikskólastjóra er ekki unnið sérstaklega með málefni barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Fánar og kveðja er á tungumálum barnanna á báðum deildum. Í læsisstefnu leikskólans koma fram nokkrar ábendingar um kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Önnur vinna með heimamenningu/fjölmenningu er ekki sýnileg í leikskólanum. Upplýsingar á heimasíðu eru ekki á öðrum tungumálum en íslensku.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Sérkennsla og stuðningur fara fram á deild og hjá sérkennslustjóra, eitt barn eða minni hópar.
- Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðipjónustu.

Tækifæri til umbóta

- Vinna ætti markmið fyrir kennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.

51 Málörvun allstaðar.

52 Viðtöl við sérkennslustjóra, leikskólastjóra og deildarstjóra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er fjallað um þær leiðir sem fara á við söfnun gagna fyrir innra mat í leikskólanum. Gera skal starfsmanna- og foreldrakannanir. Taka starfsmannaviðtöl og foreldraviðtöl. Leitað skal eftir viðhorfum barna.⁵³

Gagnaöflun og vinnubrögð

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati leikskólans. Leikskólastjórar á svæði skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu vinna saman að gerð matsáætlunar til næstu ára. Stór hluti af skipulagningu innra mats er sá sami hjá öllum skólunum. Skólastjórar bera saman niðurstöður innra mats allra skólanna og ræða umbætur á þeim þáttum sem koma slakir út hjá einstaka leikskólum. Leikskólastjóri setur árlega upp áætlun fyrir innra mat leikskólans sem deildarstjórar fara yfir og bæta við áherslum frá deildinni. Bæta mætti þessa áætlun með því að setja inn mat á markmiðum og uppeldisstarfi á deildum. Árlega er unnin starfsmanna- og foreldrakönnun, tekin foreldra- og starfsmannaviðtöl og leitað eftir viðhorfum barna til starfsins með broskallaspurningum. Ekki eru gerðar uppeldislegar skráningar í leikskólanum en á deildarfundum er rætt um skipulag og árangur í starfinu. Tekið er tillit til almennra athugasemda frá foreldrum við gerð úrbótaáætlunar.⁵⁴ Ekki er gerð áætlun um innra mat til fleiri ára.

Opinber birting og umbætur

Í skólanámskrá segir að gera skuli grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum innra gæðamats í ársskýrslu um starfsemi leikskóla.⁵⁵ Niðurstöður starfsmanna- og foreldrakannana ásamt punktum úr umræðu á deildar- og starfsmannafundum eru teknar saman og greindar. Greindir eru veikleikar og styrkleikar og settar fram leiðir til úrbóta. Gerð er umbótaáætlun sem birt er í starfsáætlun/ársskýrslu. Árangur umbóta er endurmetinn við gerð næstu starfsáætlunar/ársskýslu sem lögð er fram fyrir skólanefnd.⁵⁶ Foreldrar fá kynningu á niðurstöðum innra mats á foreldrafundum og þar eru umbætur ræddar.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um skipulag og viðfangsefni innra mats.
- Innra starf leikskólans er metið út frá foreldra- og starfsmannakönnunum, viðtölum við foreldra og starfsfólk og samræðumati starfsfólks.
- Niðurstöður innra mats eru birtar í starfsáætlun/ársáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að hlutverki foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Birta greinargerð um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og greiningu á styrkleikum og tækifærum.

53 Skólanámskrá leikskólans.

54 Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra.

55 Skólanámskrá leikskólans.

56 Viðtal við leikskólastjóra.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rauti – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólabróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólans Laugalandis: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð sem starfsfólk þekkir og getur bent á leiðir sem farnar eru til að framfylgja þeim.
- Leikskólinn starfar samkvæmt skólustefnu og áherslum sveitarfélagsins.
- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum, verkefnum er skipt eftir áhuga og styrk starfsmanna. Deildarstjórar sjá um að skipuleggja starfið á deildum.
- Leikskólastjóri fundar reglulega með fræðslunefnd og er í góðu samstarfi við sveitarstjóra sveitarfélagsins.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn og móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Leikskólinn er með skipurit og gerðar hafa verið starfslýsingar fyrir starfsfólk.
- Styttri starfsþróunarsamtöl (snerpuviðtöl) eru tekin fjórum sinnum á ári.
- Leikskólinn er með læsisstefnu, móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu og starfsmanna- og persónuverndarstefnu. Í leikskólanum eru verkferlar vegna barnaverndarmála og viðbragða við samfélagslegum áföllum, áfalla- og viðbragðsáætlun. Leikskólinn hefur rýmingaráætlun og verklagsreglur við slysum, slysaskráningu og öryggishandbók.
- Leikskólinn er með jafnréttis og eineltisáætlun,
- Leikskólinn hefur rýmingaráætlun og verklagsreglur við slysum.
- Leikskólinn er með símenntunaráætlun. Sveitarstjórn styrkir starfsfólk til náms.
- Skóladagatal leikskólans er á heimasíðu.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu, hafa metnað fyrir hönd leikskólans og trú á gæðum starfsins. Starfsmannafélag starfar við leikskólann.
- Árlega eru gerðar foreldra- og starfsmannakannanir á vegum leikskólans.
- Starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans.
- Leikskólaráðgjafi veitir stjórnendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf.
- Leikskólastjórar á svæði skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafa með sér reglulegt samstarf.
- Reynt er að skipuleggja húsnæðið þannig að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni. Leikskólinn er nokkuð vel búinn leik- og námsgögnum og aðgengi barnanna að leikefni er í lagi.
- Árherslur leikskólans á læsi endurspeglast í starfi með börnunum.
- Samskipti starfsmanna einkennast af umhyggju og virðingu og starfsmenn deilda fá tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð.

69 Gögn frá leikskólastjóra.

70 Viðtal við leikskólastjóra og gögn.

- Námsumhverfi styður við máltöku og málþroska barna.
- Hvert barn hefur sína möppu sem fylgir þeim milli deilda.
- Skipulagt samstarf er milli foreldra og leikskóla um samræmt uppeldi barna.
- Foreldrum finnst barnið sitt öruggt í leikskólanum og telja að því líði vel.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun við mat á námi og framförum barna.
- Leikskólinn hefur aðgang að íþróttahúsi og sundlaug sem tengjast húsnæðinu.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann það heldur reglulega fundi með dagskrá og fundargerð. Starfsreglur og gátlisti fyrir foreldraráð eru á heimasíðu.
- Foreldrafélag starfar við leikskólans og er virkur samstarfsaðili leikskólans.
- Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og meirihluti foreldra er jákvæður í ummælum sínum um leikskólann.
- Formlegt samstarf er við grunnskóla Laugalandis.
- Leikskólinn er í góðum tengslum við stofnanir og vinnustaði í nágrenni leikskólans.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Sérkennsla og stuðningur fara fram á deild og hjá sérkennslustjóra, eitt barn eða minni hópar.
- Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðipjónustu.
- Í skólanámskrá er fjallað um skipulag og viðfangsefni innra mats.
- Innra starf leikskólans er metið út frá foreldra- og starfsmannakönnunum, viðtölum við foreldra og starfsfólk og samræðumati starfsfólks.
- Niðurstöður innra mats eru birtar í starfsáætlun/ársáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Leita þarf leiða til að sameina alla starfsemi leikskólans á einum stað í sameiginlegu húsnæði leik- og grunnskólans og finna betri lausn á staðsetningu og aðbúnaði á útileiksvæði.
- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra í leikskólasamfélaginu, starfsfólks, foreldra og barna.
- Gera ætti rýmingaráætlun fyrir leikskólann sýnilega við alla útganga sem tilheyra leikskólanum.
- Leikfangakostur er nokkuð ósamstæður og mætti yfirfara og flokka.
- Skoða mætti aðgengi barna að efni til skapandi starfs og framkvæmd listgreinakennslu þar sem lögð er áhersla á ferli frekar en útkomu.
- Skoða mætti vinnu með frásagnir, sögu og ljóðagerð.
- Gera ætti áætlun um mat á námi og framförum barnanna og reglulegar skráningar á framförum.
- Æskilegt væri að taka upp Uppeldislegar skráningar á námi og framförum barna og bæta ferilmöppur er fyrir börnin.
- Skoða ætti möguleika á að gefa börnum tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin

námi.

- Fundargerðir foreldraráðs ættu að vera á heimasíðu leikskólans.
- Bæta ætti þjónustu Karellen.
- Skoða þarf athugasemdir foreldra um heimsóknir prests í leikskólann.
- Skoða mætti kenngu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Birta greinargerð um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og greiningu á styrkleikum og tækifærum.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Laugalandi leiðir í ljós að þar er unnið gott leikskólastarf sem stjórnað er af metnaði. Almenn ánægja er meðal foreldra og starfsmanna með stjórnun og starfsemi leikskólans. Unnið er markvisst að því að efla góð samskipti allra sem koma að leikskólastarfinu. Starfsandinn er góður og samstaða ríkir í starfsmannahópnum. Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börnin og lögð er rík áhersla á að öllum líði vel í leikskólanum. Vel er haldið utan um sérkenntu og mat á þroska og framförum barna er nokkuð markvisst. Börnunum líður vel í leikskólanum og hlustað er á raddir þeirra. Foreldrar eru ánægðir með námsefni barnanna og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Skólanámskrá leikskólans er í endurskoðun og við þá vinnu þarf að tryggja aðkomu allra sem málið varðar. Yfirleitt er vel unnið með námsvið leikskólans en skoða mætti vinnu með skapandi starf, frásagnir, sögur og ljóð. Gerð er áætun um mat fyrir hvert ár og umbótaáætlun. Innra mat á uppeldisstarfi og markmiðum leikskólans mætti gera kerfisbundnara og meira samofið daglegu starfi með því að stofna matsteymi og gera matsáætlun til fleiri ára.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 27. janúar 2021.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

ART leikskólar. Sótt á vef 7. júní 2021.

Slóðin er: <https://www.isart.is>

Blær vináttuverkefni. Sótt á vef 16. maí 2021.

Slóðin er: <https://www.barnaheill.is/is/um-okkur/frettir/vinattufrettir-mars-2021>

Heimasíða leikskólans. Sótt á vef 20. maí 2021.

Slóðin er: <https://leikskolinnlaugaland.ry.is/is/samstarf/laugalandsskoli>.

Heimasíða leikskólans. Sótt á vef 22. maí 2021.

Slóðin er: <https://leikskolinnlaugaland.ry.is/is/nam-kennsla/namsmat>

Leikskóladagatal 2020 – 2021. Sótt á vef 24. maí 2021.

Slóðin er: <http://laugaland.leikskolinn.is/leikskolinn%20laugalandi/leikskoladagatal-2020-2021.pdf>

Lubbi finnur málbein. Sótt á vef 16. maí 2021.

Slóðin er: <https://www.lubbi.is>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Málörvun allsstaðar – Handbók um snemmtæka íhlutun. Gögn frá leikskólastjóra.

Oddi bs. Sótt á vef 13. maí 2021.

Slóðin er: <https://www.ry.is/static/files/2017/skyrslurogfl/samthyktir-fyrir-byggdasamlagid-odds-bs..pdf>

Oddi bs. Sótt á vef 19. maí 2021.

Slóðin er: <https://www.ry.is/is/mannlif/heilsuefling/heilsueflandi-samfelag>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Skólanámskrá leikskólans. Sótt á vef 16. maí 2021.

Slóðin er: <https://leikskolinnlaugaland.ry.is/static/files/skolanamskra-2015-lokautgafa-pdf.pdf>

Skólanámskrá leikskólans. Sótt á vef 20. maí 2021.

Slóðin er: <https://leikskolinnlaugaland.ry.is/static/files/skolanamskra-2015-lokautgafa-pdf.pdf>

Skólastefna Ásahrepps og Rangárbings ytra. Sótt á vef 11. maí 2021.

Slóðin er: https://www.ry.is/static/files/2017/skyrslurogfl/skolastefna-2015-2017_lokagerd.pdf

Ærslabelgur. Sótt á vef 1. júní 2021. <https://aerslabelgir.is/aerslabelgirnir/>

Viðtöl:

Símtal við sveitarstjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

